

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 342, 19. júní 1998, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1998/1999.

1. gr.

Í 3. mgr. 13. gr. falli niður orðin: „eða veiðarfæri sem ætluð eru til annarra veiða en loðnuveiða.“

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. nóvember 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 656

12. nóvember 1998

## GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Borgarfjarðarhreppi, sbr. staflíð b, 2. gr. samþykktar nr. 367/1998 um hundahald í Borgarfjarðarhreppi, skal vera kr. 7.400 á hund á ári.

Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi júlí-mánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 3.500 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 7.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. nóvember 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*